



Y YFIRLITSMYND
1:1000

V:\18\18189\teikn\C50.001.dwg

MÓTTEKIÐ
15. okt. 2018
Byggingarfulltrúinn
í Húnaþingi vestra

BYGGINGARLÝSING:

Sótt er um leyfi til að flytja aðstöðuhús á lóðina nr. 12 á Hvoli og staðsetja það eins og teikning sýnir. Húsið verður flutt frá Skeiðum í Árnæssýslu, en þar hefur það staðið síðan það var fullbyggt 2008. Húsið er traustbyggt stálgrindar hús. Byggt úr yleiningum, sem eru samlokueiningar (6,3 cm þykkum og um 1,0 m breiðum) með innbrenndum lituðum 0,8 mm þykkum járnplötum að utan og innan verðu og ureþan-einangrun á milli. Einingarnar eru með þar til gerðri nót og tappa á langhlöðum. Yleiningarnar sem húsið er byggt úr voru keyptar frá Reykholti í Tungum.

STÁLBURÐARGRIND. Húsið var byggt upp ofan á stálgrind, sem samanstendur af tveim IPE 180 mm stálbitum sem liggja með 100 cm millibili langs eftir endilangri miðju hússins. Á báða enda í bitanna eru soðnir 3 m langir UNP 120 stálbitar með neðri brún slétta við neðri brún í bitanna og efri brún 6 cm lægri en yfirborð í bitanna. Ofan á 180 mm stálbitana er síðan soðnar 3 m langar stálskúffur 40x40x3 mm með um 80 cm millibili þvert á í bitana.

VEGGIR. Stálvinklar 100x100x3 mm eru soðnir fastir langs eftir húsinu neðan á 40x40 skúffubitana, þannig að ytri brún þeirra nemur við ytri brún útveggja hússins og ná þeir 6 cm upp fyrir 40x40 skúffubitana. Lóðréttar yleiningar útveggjanna eru skrúfaðar fastar að neðanverðu við stálvinklana með viðeigandi skrúfum með 10-15 cm millibili. Þétt er á milli vinkilsins og yleininganna með Sikaflex límkitti. Samskeyti yleininganna eru felld saman í nót og límd með límkitti. Úthornum yleininganna er lokað með 100x100x0,8 mm blikk áfellu sem hnoðaðar eru utan á ytri klæðningu yleininganna og þétt á milli þeirra með límkitti. Göt fyrir glugga og hurð eru söguð í yleiningarnar. Allir veggir hússins eru klæddir að innanverðu með 10 mm viðarpanel sem skrúfaður er beint á innri járnplöturnar.

INNVEGGIR. Innveggir hússins eru einnig gerðir úr yleiningum sem byggðir eru ofan á plastparketi á gólfi hússins og festir að ofan við yleiningar í þaki hússins.

KLÆÐNING VEGGJA INNI. Allir veggir hússins eru klæddir að innanverðu með 10 mm viðarpanel sem skrúfaður er beint á innri járnplöturnar.

GLUGGAR. Gluggar hússins eru úr litaðir álgluggar með tvöföldu gleri. Tveir gluggana eru með stórum opnanlegum gluggum (neyðarútgöngum, björgunaropum), þ.e.a.s. gluggi í herbergi og geymslu.

GÓLF. Gólf hússins er uppbyggt þannig að yleiningar liggja langs eftir húsinu, þéttfeldar saman við yleiningar útveggja hússins. Langsamskeyti feld í nót og límd með límkitti og einingar skrúfaðar fastar niður (með 3x100 mm skrúfum c/c 40 cm) ofan í 40x40 skúffubitana undir einingunum. Ofan á yplötur gólfins eru skrúfaðar 22 mm spónaplötur og þar ofan á lagt 8 mm plastparket.

ÞAK. Burðargrind í þaki hússins er gerð úr 5 ferköntuðum prófil, 40x60x3 mm c/c 1,25 m, soðnir saman í toppinn og soðnir fastir við innri stálklæðningu yplötu útveggjanna að neðan verðu. Ofan á gaffla hússins og burðarbitana koma yplötur sem liggja þvert á húsið. Yleiningarnar eru feldar saman í nót með límkitti. Yleiningarnar eru síðan festar saman með 100x100x3 beygðri járnplötu sem kemur neðan við yleiningarnar í mæni hússins. 6x100 mm skrúfur c150 mm eru skrúfaðar niður í gegnum yleiningarnar og niður í beygðu stálplötuna. Ofan mæninn kemur blikk áfella 150x150*0,8 mm sem lögð er í límkitti og hnoðuð föst með 4*61 hnoðum c150 í báða þakfletina. Að neðan eru yleiningar þaksins festar saman við yleiningar útveggja með beygðum 3 mm járn áfellum sem leggjast yfir neðribrún þak eininganna að ofanverðu og yfir enda þeirra og niður á efstahluta yleininganna við þakskegg hússins. Áfellur þessar eru bæði skrúfaðar og hnoðaðar fastar með límkitti á milli. Yfir gaffla hússins koma einnig 3 mm járn áfellur sem liggja ofan á yleiningarnar og niður á gaffveggina og festar á sama hátt með hnoðum og skrúfum og þéttar með límkitti. Ofan á yleiningar þaksins er síða heilbræddur þakpappi. Frágangur lofta að innan er þannig að skrúfaðir eru 22 mm timburlistar neðan á burðarbitana. Neðan á listana er fest máluð panelklæðning.

YFIRBORÐSFRÁANGUR ÚTANHÚSS. Stálburðargrind hússins var öll grunnuð og tvílókuð. Útveggir hússins voru einnig grunnaðir og tvímálaðir eftir að gengið hafði verið frá samsetningu hússins.

UNDIRSTÖÐUR. Húsið verður fest ofan á 400 x400 mm steypa stöpla sem grafnir verða niður á fast. Ef djúpt verður niður á fast verður fyllt í holurnar undir stöplunum með frostþolinni þjappaðri mól upp í um 1 m hæð undir endanlegu yfirborð og stólparnir steyptr þar ofan á. Ekki er gert ráð fyrir sólpalli utan við húsið. Klætt verður milli jarðar og bústaðar með standandi borðaklæðningu.

BO tákna björgunarop opnanlegra glugga á herbergi og geymslu.
Ø R Tákna reykskynjara.
x S Tákna 6 kg slökkvitæki.

ROTÞRÓ. 1,5 m3 rotþró verður sett upp nærri húsinu og mun verða gengið frá henni samkvæmt gildandi reglugerðum um rotþrær, frærennslis- og syturlagnir tengdar henni.

HELSTU STÆRÐIR. Brúttó flatamál 0101 er 22,5 m2 og brúttó rúmmál 58,5 m3. (Sjá einnig stærðir í skráningartöflu).

Kólnunartölur:	(W/m² °C)*	(W/m² °C)**	(W/m² °C)***
Þak	0,48	0,2	0,3
Útveggir	0,45	0,3	0,4
Gólf	0,48	0,2	0,3

- * Áætlaðar kólnunartölur húss.
- ** Ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012, Innihiti yfir 15°C.
- *** Ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012, Innihiti undir 15°C.

Þar sem hér er um aðstöðuhús að ræða er eðlilegra að miða kólnunartölur við lægra hitastigið þar sem húsinu verður haldið frostfríu (innihiti 5°C) eða úpþhituðu að vetrarlagi.

Umfram orkunýting hússins þá daga sem húsið verður kynnt vegna hærri kólnunartala, en byggingarreglugerð segir til um er um 15,7 W/°C meiri á klukkustund miðað við innihita 15°C eða minni og 25,8 W/°C á klukkustund miðað við innihita yfir 15°C.

Húnaþing vestra
Samþykkt þann
18. okt. 2018
Byggingarfulltrúinn
í Húnaþingi vestra

www.verkis.is - sími: +354 422 8000

SAMÞYKKT:

26. 060248-31/4

A 2018-07-09 VERKTEIKNING ES RK GGJ RK

ÚTG DAGS SKÝRINGAR TEIK HANN RÝNT SAMP

AÐSTÖÐUHÚS Á LANDI NR. 12
HVOLI HÚNAÞINGI VESTRA
Yfirlitsmynd
Byggingarlýsing

VERKFANG 18189 TEIKNING C50.001 A